



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
801 Selfoss

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 12. október 2022
MÍ202206-0015/ 6.09 / K.M.

Efni: Hvítuborgir í landi Stóru-Borgar í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um deiliskipulagstillögu fyrir Hvítuborgir í Grímsnes- og Grafningshreppi með bréfi til sveitarfélagsins dags 03.06.2022.

Í umsögninni fór Minjastofnun fram á að fornleifafræðingur yrði fenginn til að skrá fornleifar á skipulagssvæðinu. Þá þyrfti að færa staðsetningu og útlínur fornleifa inn á skipulagssupprátt og fjalla um áhrif skipulagsins á fornleifar í greinargerð. Minjastofnun óskaði eftir að fá skipulagstillöguna aftur til umsagnar að verkinu loknu.

Minjastofnun barst uppfærð tillaga að skipulagssvæðinu 30. júní s.l. ásamt ósk um nýja umsögn. Með fylgdi skýrsla Náttúrustofu Vestfjarða, *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Hvítuborg í Grímsnesi*. Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að afgreiða erindið.


Fjórar minjar voru skráðar innan skipulagssvæðisins, mógröf (2772-001), vörslugarður (2772-002), tóft (2772-003) og fráveituskurður (2772-004). Minjarnar eru allar í suðvesturhorni skipulagssvæðisins. Staðsetning og útlínur minjanna eru sýndar á uppfærðum upprætti og fjallað er um fornleifarnar í greinargerð. Eins og þar kemur fram eru minjarnar allar utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og því ekki í hættu.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við uppfærða tillögu að deiliskipulagi Hvítuborga í landi Stóru-Borgar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Skipulagsfulltrúi (vigfus@utu.is)

Ritari skipulagsfulltrúa (ellisif@utu.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)